um breyting á lögum nr. 30/1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961—1962.)

1. gr.

Síðasta málsgrein ákvæðis til bráðabirgða orðist svo:

Á árinu 1960 skal hámarkstala þeirra bifreiða, sem lækka má aðflutningsgjöld af samkvæmt v-lið 3. gr. laga nr. 90 25. nóvember 1954, um tollskrá o. fl., vera 150 (sbr. 2. gr. laga nr. 27 29. mai 1957). Á sama hátt skal hámarkstala slíkra bifreiða vera 264 á árinu 1961 og 150 á árinu 1962.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í lögum nr. 90/1954, um tollskrá o. fl., er heimild til að veita undanþágu frá aðflutningsgjöldum af 50 bifreiðum á ári til fatlaðra og lamaðra manna. Í bráðabirgðaákvæði laga nr. 30/1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl., er mælt fyrir um, að á árunum 1960 og 1961 skuli hámarkstala þeirra bifreiða, sem lækka má aðflutningsgjöld af samkvæmt framangreindu ákvæði, vera 150 hvort árið.

Á s. l. sumri ákvað ríkisstjórnin að veita tollundanþágu af 114 bifreiðum til viðbótar á árinu 1961, með þeim fyrirvara, að ef Alþingi samþykkti eigi heimild til slíkrar fjölgunar, yrðu hlutaðeigendur að greiða aðflutningsgjöld að fullu.

Í samræmi við framanritað er með frumvarpi þessu lagt til, að tala bifreiða, sem lækka má af aðflutningsgjöld á árinu 1961, verði 264. Enn fremur er lagt til, að með sama hætti sé heimilt að lækka aðflutningsgjöld af 150 bifreiðum á árinu 1962.